

Verkfræðistofa RUT  
b.t. Magnúsar Haraldssonar  
Skúlatúni 2  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2003  
03030182/10.11

**Efni: Umsögn vegna skotæfingasvæðis á Álfsnesi.**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 7. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur um fyrirhugað skotæfingasvæði á norðanverðu Álfsnesi.

Spurt er m.a. hvort nauðsynlegt reynist að setja jarðvegisdúk þar sem högl falla, eða hvort nægjanlegt sé að sett verði jarðvegslag sem hægt verði að fjarlægja að notkun lokinni.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur gerir ekki kröfu um jarðvegisdúk sem undirlag út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja um málið og fellst á áðurnefnd úrræði varðandi möguleika á fjarlægja mengaðan jarðveg.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur bendir einnig á að starfsemi þessi er starfsleyfisskyld skv. tl. 9.5 í Fylgiskjali 2 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Virðingarfyllst  
f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Tómas G. Gíslason  
heilbrigðisfulltrúi